

Hafnarfjarðarbær

bt. Berglindar Guðmundsdóttur

Ráðhúsi Hafnarfjarðar

Strandgötu 6

220 Hafnarfjörður

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi hestamannafélagsins Sörla, Hafnarfirði, athugasemdir eigenda Sörlaskeiðs 9, 11 og 13.

Við undirritaðir eigendur Sörlaskeiðs 9, 11 og 13 gerum hér með athugasemd við tillögu að breytingu á deiliskipulagi hestamannafélagsins Sörla, sem auglýst var frá 8. desember 2017 – 19. janúar 2018, með athugasemdafresti til 19. janúar 2018.

Athugasemdir okkar eru eftirfarandi:

- Eigendur hússins að Sörlaskeiði 9 þurfa að vélmoka út úr húsi sínu í gegnum gerðin við húsið, ef þessi breyting verður að veruleika er eina leið þeirra í gerðin af þessum nýja reiðvegi, sem varla getur talist heppilegt.
- Staðsetning á nýju reiðgerði þ.e. fyrir aftan reiðskemmuna er of nálægt Sörlaskeiði og Fluguskeiði því á þessum gatnamótum er talsverð umferð. Gerði af þessu tagi er mikið notað fyrir byrjendur í hestamennsku og fólk sem er á lítið eða jafnvel ótömdum hestum sem hræðast auðveldlega bílaumferð og getur skapað stórhættu.
- Í tillögu er gert ráð fyrir auknum bílastæðum. Okkur finnst hér um harla mikið jarðrask að ræða sem útheimtir ma. að rifin verður upp skjólgóður gróður sem er í góðu ástandi fyrir bílastæði sem standa síðan auð flesta daga ársins.
- Sá gróður sem fyrirhugað er að fjarlægja hefur í gegnum tíðina veitt ótvírætt skjól á svæðinu sérstaklega í þeirri sterku norðanátt sem ríkir. Gróðurinn sem um er að ræða heftir einnig ryk á svæðinu sem óneitanlega er fylgífiskur malarvega svæðisins.
- Ný akstursleið sem gert er ráð fyrir í tillögunni þverar reiðveg sem mikið er notaður. Þessi nýja akstursleið sem þverar reiðveginn kemur til með að auka mikið slysaþættu og auka hraða ökutækja á svæðinu til mikilla muna.
- Við teljum að ekki sé um bílastæðavandamál að ræða á svæðinu og því mótmælum við þessari aukningu á bílastæðum. Þessu til rökstuðnings, nefnum við að á stærsta móti sem hestamannafélagið Sörla hefur haldið, Íslandsmótinu í hestaíþróttum árið 2010, sem var mjög vel sótt, var ekki um neina vöntun á bílastæðum að ræða.
- Þrátt fyrir að fyrirhugað sé að byggja nýja reiðhöll teljum við ekki þörf á því að bætt verði við nýrri aðkomu og bílastæðum. Til eru nokkur dæmi um það hér í Hafnarfirði að bætt hefur verið við íþróttahús eða byggð ný þar sem ekki hefur verið bætt við bílastæðum.

Virðingarfyllst

Ármúli 36 108

Ljósfari ehf.

Bjarni Sigurðsson

Helga Sveinsdóttir

Sörlaskeiði 9

Klukkuvöllum 30 221.

Haukur Sigfússon

Sörlaskeiði 9

__ Hlíðarhjalla 6 200 Kóp

Sigurður Jónasson

Sörlaskeiði 9

Krókamýri 4 210

Guðmundur Guðlaugsson

Sörlaskeiði 11

Páll Melsted

Sörlaskeiði 11

Sörlaskeið ehf.

Snorri Dal

Anna Björk

Sörlaskeiði 13

